



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
tilefni af 75 ára afmæli
Sinfóníuhljómsveitar Íslands**

Fyrir 75 árum hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands sína fyrstu tónleika í Austurbæjarbíói. Á efnisskránni voru verk eftir Beethoven, Bartók, Haydn og Schubert. Þessi þjóð sem þá taldi tæplega 145.000 sálir gat loks stært sig af því að standa menningarlega jafnfætis mun stærri þjóðum, með starfandi Sinfóníuhljómsveit. Tæpum tveimur mánuðum síðar hélt hljómsveitin aðra tónleika sína við opnun Þjóðleikhússins. Þannig varð árið 1950 lykilár í menningarsögu Íslendinga.

Frá fyrstu tónleikum hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands haldið úti tónleikadagskrá sem nær frá gullmolum klassískrar tónlistar til eftirtektarverðra samtímaverka. Hljómsveitin hefur gegnum tíðina haldið tónleika með heimspektum einleikurum, stjórnendum og tónskáldum sem hafa styrkt ímynd hennar hér heima og erlendis. Þannig hefur hljómsveitin fært íslensku þjóðinni nýjan hljóðheim með flutningi sínum hér á landi, en hún hefur líka ferðast víða og tekið þátt í fjölmörgum innlendum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem hafa skapað tækifæri til að kynna íslenska listamenn og tónlist fyrir stórum hópi áheyrenda.

Það er erfitt að ímynda sér íslenskt menningarlíf án þessarar þjóðargersemar og ómögulegt að gera sér í hugarlund hvernig tónlistarlíf hér hefði þróast án hennar áhrifa. Myndum við sitja hér í Hörpu ef ekki hefði legið fyrir sú þörf að byggja hljómsveitinni heimili við hæfi? Myndi íslensk þjóð hafa alið af sér tónlistarfólk á borð við Víking Heiðar, Önnu Þorvaldsdóttur og Daníel Bjarnason, svo fáein dæmi séu tekin, ef þau hefðu ekki alist upp við þá menningar- og tónlistarlegu fyrirmynd sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur verið í 75 ár?

Sinfóníuhljómsveit Íslands er svo miklu meira en venjubundnir tónleikar á hverju fimmtudagskvöldi. Hún er öflugasti boðberi klassískrar

tónlistar á Íslandi og gegnir þannig mikilvægu hlutverki í tónlistarfræðslu og eflir áhuga á klassískri tónlist. Hljómsveitin hefur á undanförunum árum leitað við að byggja brýr til fjölmargra hópa, ungs fólks og fullorðinna, til að greiða þeim leiðina að klassískri tónlist og færa heim sanninn um að klassíkin er sannarlega okkar allra.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er jafnframt ómetanlegur vettvangur fyrir nýsköpun í tónlist eins og glögglega má sjá ef farið er yfir tónleikadagskrá hljómsveitarinnar. Aðgengi að sinfóníuhljómsveit færir okkur lífsgæði. Tónlist auðgar andann, fær þig til að gleyma stað og stund og eykur þannig vellíðan. Sjálf á ég það til að lygna aftur augunum á tónleikum og leyfa tónunum að leita inn á við þar sem þeir leika á allt tilfinningarófið. Tónlistin talar öll tungumál og þarfnast ekki túlks til að koma áhrifum sínum til skila.

Ég óska Sinfóníuhljómsveit Íslands til hamingju með sín fyrstu 75 ár og treysti því að hljómsveitin muni halda áfram að vaxa, veita ánægju og innblástur næstu 75 árin hið minnsta!